

Skýrsla

starfshóps um endurskoðun framtíðarskipanar skipulags Þjóðkirkjunnar ásamt skipuriti.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Elínborgu Sturludóttur, Magnúsi Erlingssyni og Óskari Magnússyni.

Frsm. Magnús Erlingsson.

Skipulag Þjóðkirkjunnar

Tilgangur og markmið breytinga

Þjóðkirkjan er í miðjum ólgusjó samfélagsbreytinga sem eru bæði miklar og hraðar. Sá stöðugleiki sem einkennt hefur starfsumhverfi þjóðkirkjunnar í gegnum aldirnar er ekki lengur fyrir hendi. Þjóðkirkjan á í vök að verjast og er í harðvítugri samkeppni bæði við ríkjandi skoðanir og viðhorf í samfélaginu og aðra þjónustu sem gefur sig út fyrir að vera fólki sá andlegi bakhjarl sem þjóðkirkjan hefur verið í gegnum tíðina. Aðild að kirkjunni er að nálgast 50% landsmanna og tilhneigingin hefur verið stöðug niður á við.

Á sama tíma og þetta er að gerast, blasir það við að einmitt á þessum tímum er þörfin fyrir starfsemi þjóðkirkjunnar og kristinn boðskap ríkari en oft áður, ef til vill meiri en nokkru sinni fyrr.

Kirkjuþing ákvað á vorþingi 2023 að skipa sérstakan starfshóp úr röðum kirkjuþingsmanna til þess að yfirfara núverandi skipulag og meta þörf fyrir breytingar í ljósi reynslunnar sem fengist hefur í kjölfar skipulagsbreytinganna sem samþykktar voru árið 2021. Í honum eiga sæti sr. Elínborg Sturludóttir, sr. Magnús Erlingsson og Óskar Magnússon hrl, en auk þeirra starfaði Bjarni Snæbjörn Jónsson, ráðgjafi með hópnum.

Mikilvægt er að skipulag styðji við markmið og stefnu Þjóðkirkjunnar. Meginmarkmið í öllu starfi kirkjunnar er og verður að efla starf kirkjunnar í sóknnum landsins og boða kristna trú meðal þjóðarinnar. Þeim breytingum sem hér eru lagðar til er ætlað að skýra línur í stjórnkerfi þjóðkirkjunnar þannig að kirkjan vinni stefnumiðað og geti brugðist bæði hratt og örugglega við aðsteðjandi breytingum á sama tíma og snúið er vörn í sókn.

Nánar tiltekið eru meginmarkmið eftirfarandi:

- Að umboðskehja frá kirkjuþingi til stjórnenda innan kirkjunnar sé skýr og skilgreind þannig að í henni felist hreinar línur um ábyrgð og umboð til ákvarðana og hvernig þeim sé fylgt eftir.
- Að stjórnkerfi þjóðkirkjunnar verði skilvirkt og í stakk búið að bregðast tímanlega og örugglega við breytingum sem upp kunna að koma í starfseminni og krefjast viðbragða.
- Að tryggt verði að tilsjón með daglegum rekstri og þjónustu af hálfu kirkjuþings verði skilgreind með viðeigandi hætti og því hlutverki fylgi skýrt umboð til ákvarðana.
- Að gegnsæi ríki milli allra stjórnunareininga þjóðkirkjunnar um ákvarðanir er varða starfsemi þjóðkirkjunnar og að þær séu byggðar á samþykktum og starfsreglum kirkjuþings.

- Að ábyrgð og umboð stjórnenda þjóðkirkjunnar verði skýrt og fyrirkomulag ákvarðana og eftirfylgni í daglegri starfsemi byggist á nánu samstarfi og fari eftir skýrum starfsreglum og verkferlum.

Aðdragandi

Nýtt skipulag þjóðkirkjunnar var ákveðið á kirkjuþingi 2021.

Bakgrunnur þeirra breytinga var eftirfarandi samkvæmt greinargerð með tillögu um skipulag:

„Með auknu sjálfstæði þjóðkirkjunnar, m.a. með nýjum lögum og samningum við ríkisvaldið, er kirkjan alfarið á eigin vegum í fjármálum og grundvallarbreytingar hafa orðið á umsjón og utanumhaldi með vígðri þjónustu og kjaramálum þeirra starfsmanna sem áður voru embættismenn ríkisins.“

Tilgangur skipulagsbreytinga var að laga skipulag að nýju fyrirkomulagi í rekstri þjóðkirkjunnar í kjölfar nýrra þjóðkirkjulaga og samnings við ríkið.

Markmið breytinganna voru á sínum tíma m.a. orðuð þannig:

„Traust fjármál og rekstur sem miðar að því að þeir fjármunir sem fyrir hendi séu nýtist vel og að ekki verði eytt um efni fram í rekstri og þjónustu. Á sama tíma verði stöðugt unnið að því markmiði að halda því þjónustustigi og starfi sem nauðsynlegt er til þess að tryggja sterka stöðu kirkjunnar í samfélaginu til framtíðar.“

Reynslan

Tveggja ára reynsla er komin á það skipulag sem ákveðið var á sínum tíma. Um var að ræða umtalsverðar breytingar þar sem í mörgu var gert ráð fyrir að stjórnsýsla kirkjunnar gengi snurðulaust á grundvelli góðs samstarfs og samráðs án þess að settar væru nákvæmar starfsreglur. Slík stefnumótun, skipurit og skipulag þarf ætíð að vera lifandi skjal og háð breytingum kirkjuþings, eftir áherslum og aðstæðum eins og raunar var gert ráð fyrir 2021. Þótt margt hafi áunnist á grundvelli þess skipulags sem samþykkt var 2021 er almennt álitíð að markmið þess hafi ekki náðst sem skyldi og því hefur nefnd þessari verið falið að leggja til breytingar á grundvelli ýmissa mála sem fram hafa komið á kirkjuþingi, þannig að betur megi fara:

- Umboðskeðjan (ábyrgð og umboð til ákvarðana) er mjög óljós
- Almennt eru hlutverk og valdmörk einstakra eininga og embætta í stjórnkerfinu (framkvæmdanefnd, biskup, framkvæmdastjóri rekstrar, biskupsstofa o.fl.) mjög á reiki.
- Nauðsynlegt innbyrðis samstarf lykilaðila í starfsemi og þjónustu þjóðkirkjunnar er stirt og jafnvel ekki fyrir hendi.
- Ákvarðanir um fjárhagslega íþyngjandi mál eru tekin án samráðs og vitneskju þeirra sem ber að fjalla um slíkar ákvarðanir skv. skipulagi og starfsreglum kirkjuþings.

Úr lögum um þjóðkirkjuna

Mikilvægt er að hafa í huga, að þegar fjallað er um skipulag þjóðkirkjunnar út frá lögum, snýr það skipulag að allri þjónustu þjóðkirkjunnar sem kirkjuþing ber ábyrgð á og hefur yfirstjórn með samkvæmt lögum.

Biskup hefur tilsjón með helgihaldi, og öllum vígðum þjónum kirkjunnar; kristnihaldi, kenningum og gæðum þeirrar þjónustu sem veitt er. Í því starfi sínu er biskup órjúfanlegur hluti af skipulagsheild þjóðkirkjunnar, lítur þeim reglum sem um skipulag hennar eru settar af kirkjuþingi og nýtur til þess fulltingis starfsmanna þjóðkirkjunnar þar sem kirkjuþing hefur skipað þeim til starfa .

Þá er rétt að taka fram að hér er fyrst og fremst fjallað um miðlægt skipulag þjóðkirkjunnar en stór hluti af því á ætíð að vera stuðningur við hið dreifða skipulag um allt land, grasrótina; söfnuðina og sóknirnar sem eru kjarninn í öllu kirkjulegu starfi. Sóknirnar njóta stuðnings hins miðlæga skipulags við fjölmargt í starfi sínu en hafa umtalsvert sjálfstæði í hefðbundnu hlutverki sínu. Í sóknum landsins hefur ríkt farsælt skipulag um langt skeið sem ekki er tilefni til að breyta eða fjalla um í þessu samhengi nú.

Þjóðkirkjan sem ein og órofa heild

Þjóðkirkjulögin fjalla um þjóðkirkjuna sem eina skipulagsheild sem gert er að halda úti tiltekinni þjónustu eins og segir í 3. gr.:

„Þjóðkirkjunnar ber að halda úti vígðri þjónustu á landinu öllu og tryggja að allir landsmenn geti átt kost á henni. Prestar og djáknar gegna vígðri þjónustu í þjóðkirkjunnar.“

Þjóðkirkjan heldur úti ýmiss konar fræðslu og kærleiksþjónustu, eftir því sem við verður komið.

Stjórnvöld geta leitað til þjóðkirkjunnar í störfum sínum telji þau þess þörf.“

Þetta verður ekki skilið öðruvísi en svo, að út frá lagalegu hlutverki ber að líta á þjóðkirkjuna sem eina heild sem starfar út frá einu skipulagi í þeim tilgangi að „halda úti vígðri þjónustu á landinu öllu og tryggja að allir landsmenn geti átt kost á henni“.

Hlutverk kirkjuþings og þjóðkirkjulögin

Hlutverk kirkjuþings skv. 7. gr.:

„Kirkjuþing hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar, þar með talið fjárstjórnarvald, nema lög kveði á um annað.“

Kirkjuþing markar stefnu þjóðkirkjunnar í sameiginlegum málefnum hennar, öðrum en þeim sem lúta að kenningu hennar.“

Verkefni kirkjuþings skv. 8. gr.:

„Kirkjuþing setur starfsreglur um málefni þjóðkirkjunnar, þar á meðal um skipulag kirkjuþings, svo sem kjör til þess, kjördæmaskipan, fjölda kirkjuþingsmanna, þingsköp og verkefni þingsins. Enn fremur samþykkir kirkjuþing ályktanir og samþykktir um málefni þjóðkirkjunnar.“

Forseti kirkjuþings skal birta starfsreglur, samþykktir og ályktanir kirkjuþings á opnum vef kirkjunnar innan fjögurra vikna frá samþykkt þeirra.“

Samkvæmt þessu er kirkjuþing æðsta stjórnvald þjóðkirkjunnar í heild og ber ábyrgð á starfsemi hennar. Kirkjuþing fer með fjárstjórnarvald, setur starfsemi þjóðkirkjunnar stefnumiðaða fjárhagsáætlun og ákveður í ljósi þess, hvernig skuli haga daglegri eftirfylgni og framkvæmd ákvarðana þess að því er varðar fjárhag og rekstur kirkjunnar. Í því tilliti heyrir allur veraldlegur rekstur og starfsemi þjóðkirkjunnar hvort sem hún er á ábyrgð biskups eða annarra undir lögsögu kirkjuþings. Kirkjuþing ákveður skipan prófastdæma og prestakalla og hvernig vígðri þjónustu skuli skipað í landinu.

Biskupsembættið og þjóðkirkjulögin

Biskup starfar með fulltingi kirkjuþings, sem ákveður m.a. hvernig standa skuli að ráðningu í það embætti sbr. 10. gr.:

„Ísland er eitt biskupsdæmi. Um biskupskjör fer samkvæmt starfsreglum kirkjuþings, sbr. 1. mgr. 8. gr.

Biskup Íslands fer með yfirstjórn þjóðkirkjunnar eftir því sem kirkjuþing mælir nánar fyrir um.

Biskup Íslands gætir einingar kirkjunnar og hefur tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og þjónustu.“

„Að gæta einingar kirkjunnar“ og „hafa tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og þjónustu“ felur í sér að biskupsembættið hafi með höndum umsjón með og samræmingu á kristnihaldi og þjónustu og að biskup sé sameiningartákn þjóðkirkjunnar og komi sem slíkur fram fyrir hönd hennar þegar um er að ræða kirkjulega þjónustu, kristnihald og boðun. Biskupsembættið felur hins vegar hvorki í sér fjárstjórnarvald né umsjón og ábyrgð á rekstri eða starfsemi sem kirkjuþing ákveður að skuli rekin miðlægt á vegum þjóðkirkjunnar.

Skipulag lútersk evangelískra þjóðkirkna í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi

Íslenska þjóðkirkjan lýtur sömu grundvallarlögmálum og skipulag annarra lúterskra kirkna. Nærtækt er að líta til annarra Norðurlanda einkum Noregs, Svíþjóðar og Finnlands, að því er varðar skipulag lúterskra þjóðkirkna þessara landa. Danska þjóðkirkjan er öðruvísi uppbyggð þar sem hún er enn ríkiskirkja og danska kirkjumálaráðuneytið og innanríkisráðuneytið hluti af stjórnkerfi dönsku þjóðkirkjunnar.

Það skal tekið fram, að samanburður er um margt erfiður, þar sem umfang starfseminnar í samanburðarlöndum er mun meira og flóknara en að því er varðar íslensku þjóðkirkjuna. Þó eru nokkrir þættir sem hægt er að bera saman:

Í öllum tilfellum er byggt á lýðræðislegu stjórnarferli þar sem meðlimir þjóðkirkjunnar eru grunneining. Svo virðist við fyrstu sýn að almennt standi íslenska þjóðkirkjan nokkuð langt að baki nágrannakirkjum að því er varðar uppbyggingu og skipulag á þáttökustjórnarferli, sem er mjög víðtækt, einkum í Noregi og Svíþjóð. Þannig er til dæmis kosningaréttur til kirkjuþings mun almennari í Svíþjóð og hlutfall leikmanna á kirkjuþingum samanburðarlandamun hærra en hér er. Þá eru áhrif héraðsfunda í þjóðkirkjunni hér mun takmarkaðri. Samanburður við önnur lönd er þó ekki að fullu sanngjarn vegna stærðarmunar.

Þótt biskup hafi sjálfstætt hlutverk að því er varðar kenningar og vígða þjónustu, er embættið í öllum tilvikum hluti af einu heildstæðu stjórnkerfi þjóðkirknanna, þar sem æðsta vald í málefnum þeirra er kirkjuþing.

Í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi er æðsta ráð skilgreint sem kallast Kirkjufundur eða kirkjuþing (Kirkemøtet (no), Kyrkomötet (se), Synod (fi)). Öll starfsemi kirkjunnar, þ.m.t. embætti biskups (erkibiskups) heyrir undir þetta stjórnvald, en í löndunum þremur, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, eru starfandi fjölmörg fastaráð og nefndir bæði leikra og lærðra, auk tímabundinna verkefnaráða um einstök málefni. Í flestum tilfellum eru landfræðileg umdæmi með stjórnarfar ekki ólíkt því sem gerist hjá íslensku þjóðkirkjunni og auk þess virðist sem hlutverk og umboð prófastdæma sé víðameira en hér þekkt. Þess má geta, að á síðasta ári ákvað kirkjuþingið norska að setja af stað viðamikla vinnu við heildrænt endurskipulag á stjórnkerfi kirkjunnar. Skipaður var starfshópur í málið sem hefur unnið að ýmsum verkefnum. Samkvæmt fundargerðum hópsins sem birtar eru á vef norsku þjóðkirkjunnar, hefur verkefnið snúist um þáttökustjórnarfar kirkjunnar fyrst og fremst en minna um innra skipulag miðlægrar starfsemi líkt og hér er fjallað um.

Skipulag sókna er hins vegar alveg sambærilegt við Ísland, þar sem sóknir bera ábyrgð á öllum rekstri og starfsmannahaldi annarra en presta. Hins vegar er meira gert úr stjórn prófastdæmanna en hér.

Eins og áður segir, er samanburður um margt erfiður. Samanburður á fyrirkomulagi yfirstjórnar kirkjunnar við Danmörku er ekki mögulegur, þar sem þar ríkir annað fyrirkomulag. Hins vegar verður ekki betur séð, að því er varðar hin Norðurlöndin, að í öllum tilfellum leiki ekki vafi á því hver fer með æðsta vald í málefnum kirkjunnar. Kirkjuþing er í öllum tilfellum óskorað æðsta vald sem öll starfsemi kirkjunnar heyrir undir.

Stjórnarfar þjóðkirkjunnar


Eftirfarandi eru tillögur um fyrirkomulag á stjórnarhari þjóðkirkjunnar. Með stjórnarhari er átt við heildarmyndina, þ.e. skilgreiningu á ábyrgð og umboði til ákvarðana. Þegar horft er „lóðrétt“ á skipulagið þarf að skilgreina með skýrum hætti valdmörk einstakra hópa eða stjórnenda í skipulagi, sem nánar er síðan kveðið á um í starfsreglum. Lóðrétt skipulag hefur oft verið kallað „umboðskeðjan“ og verður það hugtak einnig notað hér. Síðar verður fjallað um það sem kalla má „lárétt“ skipulag, sem kveðjur á um hlutverk og ábyrgð einstakra eininga í skipulagi daglegs rekstrar þjóðkirkjunnar. Í tillögunum eru tekin af öll tvímæli um hlutverk biskups sem kennimanns en veraldleg málefni eru á forræði og ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra.

Tillögur um skipulag þjóðkirkjunnar

Umboðskeðjan í stjórnarhari þjóðkirkjunnar

Eftirfarandi er mynd sem sýnir yfirstjórn þjóðkirkjunnar og er gróf lýsing á hlutverki hennar. Í framhaldinu er gerð nánari grein fyrir hverjum þætti sem sýndur er á þessari mynd.

Lagt er til það nýmæli að stjórn og yfirsýn á rekstri og þjónustu sem er á ábyrgð kirkjuþings verði falin sérstakri stjórn sem hefur skýrt umboð til eftirlits og ákvarðana samkvæmt nánara fyrirkomulagi sem tiltekið verði í starfsreglum þar að lútandi. Nánar verður fjallað um þennan hluta hér á eftir.



Einstakir hlekkir umboðskeðjunnar

Kirkjubing

Kirkjubing er æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar samkvæmt ákvæðum þjóðkirkjulaga. Samkvæmt lögum er stjórnun þingsins á ábyrgð forseta þess og forsætisnefndar og þingið ákveður nánar nefndaskipan um einstök málefni.

Helstu viðfangsefni og ákvarðanir kirkjubings eru m.a.:

- Mótun og eftirfylgni langtímaáætlu þjóðkirkjunnar
- Skilgreining á starfsreglum sem snerta stjórnarfar og ferla í daglegri starfsemi
- Mótun og afgreiðsla fjárhagsáætlana þ.m.t. áætlana um meðferð eigna þjóðkirkjunnar..
- Yfirsýn yfir árangur og framgang áætlana
- Úrskurður / ákvörðun í einstökum álitamálum sem ekki verða leyst á neðri stigum.

Stjórn þjóðkirkjunnar

Á sama tíma og hlutverk kirkjubings samkvæmt lögum er að vera æðsta stjórnvald í málefnum þjóðkirkjunnar, er lagt til að þingið kjósi sérstaka stjórn þjóðkirkjunnar sem ber ábyrgð á að framfylgja ákvörðunum kirkjubings og hafa eftirlit með daglegri starfsemi. Stjórn starfar á ábyrgð Kirkjubings og lýtur boðvaldi þingsins.

Samkvæmt þessu er ekki hróflað við hlutverki forsætisnefndar kirkjubings en gert ráð fyrir að ekki verði starfandi sérstök framkvæmdanefnd eða eftirlitsnefnd. Það hlutverk heyrir undir stjórn.

Það fyrirkomulag sem hér er lagt til er notað í flestum félagasamtökum, rekstrarfélögum, opinberum félögum, opinberum stofnunum, góðgerðarfélögum, stjórnmalasamsamtökum og ýmis konar skipulagsheildum, frjálsum eða lögbundnum. Af þessu fyrirkomulagi er víðtæk reynsla og þekking um stjórnarhætti, valdsvið og heimildir.

Hér er farin sú leið að kveða upp úr um að best fari á að sama eigi við um stjórnun þjóðkirkjunnar. Ekki séu efnisleg rök fyrir því að slík skipulagsheild sé rekin á öðrum forsendum en almennt tíðkast.

Stjórnir eru skipaðar með ýmsum hætti. Í félögum í atvinnurekstri og ýmsum öðrum er sóst eftir dreifðri þekkingu, reynslu og menntun víða að úr þjóðfélaginu og leitast við að setja saman stjórn sem endurspeglar mikla breidd en getur jafnframt unnið saman sem ein heild þótt meðlimir kunni að koma úr ýmsum áttum. Þá er gjarnan lögð áhersla á að hluti stjórnarmanna séu óháðir og með því

almennt átt við að þeir séu ekki háðir því stjórnkerfi sem þeir eiga að vera þáttur af og hafi ekki persónulega hagsmuni af stjórnarstörfum sínum.

Í þessu ljósi leggur starfshópurinn til eftirfarandi fyrirkomulag:

Stjórn Þjóðkirkjunnar skal skipuð fimm mönnum sem kjörnir verði til eins árs í senn Þrjár af fimm stjórnarmönnum skulu kjörnir úr hópi kirkjuþingsfulltrúa. Skulu þeir víkja úr sæti þingfulltrúa á meðan stjórnarsetu stendur og varamenn koma í þeirra stað. Gert er ráð fyrir að skipting þeirra þriggja stjórnarmanna sem kosnir eru af kirkjuþingi verði þannig, að tveir séu úr hópi leikmanna og einn úr hópi vígðra. Tveir stjórnarmenn skulu vera utan kirkjuþings og ekki gegna launuðum störfum af hálfu þjóðkirkjunnar. Þeir skulu tilnefndir sameiginlega af formönnum fastanefnda og forsætisnefnd til eins árs í senn og skal annar þeirra vera formaður stjórnar Þjóðkirkjunnar.

Ekki fer fram kjör um ofangreinda tvo stjórnarmenn en tillaga um þá sameiginlega skal borin upp á kirkjuþingi til samþykktar eða synjunar.

Það fyrirkomulag að kirkjuþingsmenn sem kjörnir eru í stjórn Þjóðkirkjunnar víki sæti á kirkjuþingi á meðan á setu þeirra þar stendur, byggir á því að kirkjuþing er æðra stjórn Þjóðkirkjunnar og ákvarðanir stjórnar geta komið til endurskoðunar á kirkjuþingi. Ekki er eðlilegt að stjórnarmenn endurskoði eigin ákvarðanir.

Stjórnarmenn hafa engu að síður seturétt, málfrelsi og tillögurétt á kirkjuþingi. Stjórn Þjóðkirkjunnar lúti í einu og öllu vilja Kirkjuþings, þ.e. sækji umboð sitt til þingsins og beri ábyrgð gagnvart því. Gert er ráð fyrir, að á hverju reglulegu kirkjuþingi leggi stjórn fyrir kirkjuþing skýrslu um starfsemina og störf sín. Stjórn Þjóðkirkjunnar hefur reglulegt samráð við forsætisnefnd þegar kirkjuþing er ekki að störfum og getur formaður óskað eftir því við forseta kirkjuþings eða forsætisnefnd að sitja fundi stjórnar eftir því sem þörf er á.

Gert er ráð fyrir að stjórn Þjóðkirkjunnar haldi að jafnaði stjórnarfundi einu sinni í mánuði og að biskup og framkvæmdastjóri Þjóðkirkjunnar sitji þá fundi með málfrelsi og tillögurétt. Er það hluti af starfsskyldum þeirra að sækja stjórnarfundi.

Það skipulag sem hér er lagt til byggir á þeim forsendum að til grundvallar starfsemi kirkjunnar liggi vönduð, ítarleg og sundurliðuð fjárhagsáætlun. Sú áætlun taki til rekstrar, bæði tekna og gjalda, og fjárfestinga. Eðlilegt er og algengast að slíkar áætlanir sú gerðar að hausti, gjarnan þegar fyrir liggja rauntölur níu mánaða ársins. Framkvæmdastjóri Þjóðkirkjunnar stjórnar vinnu við gerð áætlunarinnar en ábyrgðarmenn einstakra sviða eða eininga gera hver um sig sína áætlun sem saman mynda eina heild eftir umræður og meðferð starfsmanna. Að fengnu samþykki stjórnar Þjóðkirkjunnar fer fjárhagsáætlun til umfjöllunar í fjárhagsnefnd kirkjuþings og þaðan til kirkjuþings. Rétt þykir að fjárhagsáætlun sé afgreidd á kirkjuþingi í árslok.

Biskupsembættið

Biskup Íslands fer með yfirstjórn Þjóðkirkjunnar samkvæmt lögum og hefur þar með tilsjón með kristnihaldi, kenningu og þjónustu Þjóðkirkjunnar í þeim störfum sínum nýtur biskup fullkomins sjálfstæðis innan marka laganna og sækir ekki umboð sitt í þeim efnum til stjórnar Þjóðkirkjunnar eða kirkjuþings. Þetta hlutverk biskups er á meðfylgjandi skipuriti sýnt með grænum lit og lýtur að starfsvettangi biskups sem æðsta kennimanns kirkjunnar.

Biskup ber faglega ábyrgð á ráðningu vígðra þjóna í samræmi við stefnumörkun kirkjuþings um staðsetningu og starfslýsingu þeirra en framkvæmdastjóri ber ábyrgð á ráðningarsamningi í samræmi við kjarasamninga og ákvarðanir kjaranefndar.

Biskup lýtur þeim ákvörðunum sem teknar eru af stjórn samkvæmt umboði hennar. Allir starfsmenn Þjóðkirkjunnar hafa það hlutverk að styðja við boðun kristinnar kenningar og þjónustu kirkjunnar. Þannig nýtur biskup fulltingis allrar stoðþjónustu þjóðkirkjunnar sem heyrir undir framkvæmdastjóra. Biskupsritari er sjálfstæður aðstoðarmaður biskups. Rétt þykir að hann heyrir beint undir hann.

Framkvæmdastjóri Þjóðkirkjunnar

Stjórn þjóðkirkjunnar, ræður framkvæmdastjóra. Hann annast daglegan rekstur Þjóðkirkjunnar (f.h. stjórnar) og framfylgir þeim ákvörðunum sem stjórn tekur.

Á forræði framkvæmdastjóra er öll starfsemi sem lýtur að fjármálastjórn, sameiginlegri stjórnsýslu og stoðþjónustu sem innifelur m.a. eftirfarandi starfsemi og verkefni:

- Fjármál þ.m.t. fjárreiður og bókhald
- Lögfræðimál og almenn hagsmunagæsla f.h. Þjóðkirkjunnar
- Innkaup rekstrarvara, búnaðar og þjónustu við miðlæga skrifstofu
- Umsjón og rekstur fasteigna þ.m.t. öll eignaumsýsla sem þeim fylgir
- Kynningar-, útgáfu- og fræðslumál
- Upplýsingatækni, þ.m.t. rekstur á öllum innviðum til rafrænnar miðlunar og samskipta
- Starfsmannamál, þ.m.t. launa og kjaramál, umsjón með ráðningum og uppsögnum eftir því sem við á í samráði við biskup sbr. að framan
- Stoðþjónusta við sóknir og helgihald
- Skjalavarsla og skjalameðferð

Eftirfarandi yfirlit er ekki skipurit í eiginlegum skilningi, heldur mynd af þeim störfum og starfseiningum sem heyra undir biskupsembættið annars vegar og framkvæmdastjóra þjóðkirkjunnar hins vegar þannig að fjöldi kassa í neðangreindu yfirliti sýna ekki fjölda starfsmanna, heldur þau helstu verkefni sem tilheyra stjórnarsýslu og innri stoðþjónustu annars vegar og biskupsembættinu hins vegar.

